

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Sandgerðisbótar, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundum sínum 19. nóvember 2002 og 17. desember 2002 samþykkt nýtt deiliskipulag smábátahafnar í Sandgerðisbót í stað skipulags sem samþykkt var í september 1986.

Helsta breytingin frá fyrra skipulagi er sú, að norðan hafnarinnar er nú gert ráð fyrir skólphreinsistöð á nýrri landfyllingu. Nokkrar breytingar verða einnig á útfærslu hafnar-svæðisins sjálfs, m.a. er gert ráð fyrir samfelldum göngustíg meðfram Glerá og smábátahöfninni, ofan á aðrennislögn að hreinsistöðinni.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi. Jafnframt fellur deiliskipulagið frá 1986 úr gildi.

Akureyri, 11. febrúar 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi.